



## Fundargerð

Ársfundur 26. júní 2018

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var haldinn þriðjudaginn 26. júní 2018 kl. 16:00 að Strandgötu 3, 3. hæð. Eiríkur Björn Björgvinsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á sjálfum sér sem fundarstjóra og Einari Ingimundarsyni sem fundarritara.

Í upphafi gerði hann grein fyrir boðun fundarins og komu engar athugasemdir fram og er fundurinn því lögmatgur. Var síðan gengið til dagskrár.

### 1. Skýrsla stjórnar

Eiríkur Björn fjallaði um starfsemi sjóðsins á árinu 2017. Í ræðu hans kom fram að reksturinn hafi verið í föstum og traustum skorðum á árinu eins og undanfarin ár. Eignir voru metnar á gangvirði og er ársreikningurinn byggður á því og ætti að gefa nokkuð glögga mynd af eignastöðu í árslok 2017.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 11.980 milljónum króna og hækkaði um 14,8% frá fyrra ári. Hækkun á hreinni eign skýrist að verulegu leyti af sérstökum aukaframlögum frá ríki og Akureyrarbæ sem námu samtals 1.351 milljón og voru greidd til sjóðsins í desember á grundvelli samnings sem undirritaður var þann 26. október 2017.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 5,2% og hrein raunávöxtun 3,4% samanborið við 4,4% nafnávöxtun og 2,3% raunávöxtun á árinu 2016. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 5,3% og 3,8% ef horft er til síðustu 10 ára sem teljast má viðunandi.

### 2. Afgreiðsla ársreiknings

Framkvæmdastjóri, Jóhann Steinar Jóhannsson, gerði grein fyrir helstu þáttum ársreiknings; rekstri, efnahag og sjóðstreymi. Hann rakti iðgjaldapróun, gerði grein fyrir sérstakri inngreiðslu frá Akureyrarbæ og ríkinu, fjölda greiðandi sjóðfélaga, lífeyrisgreiðslum og hvernig lífeyrisbyrði sjóðsins hefur þróast. Engar fyrirspurnir komu varðandi ársreikninginn og var hann borinn upp og samþykktur samhljóða.

### 3. Tryggingafræðileg athugun

Framkvæmdastjóri fór yfir tryggingafræðilega athugun sem unnin var af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi og forsendur hennar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 39,2%. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, eru neikvæðar um 7.473 milljónir króna.

#### **4. Kynning á fjárfestingastefnu**

Brynjar Þór Hreinsson fjárfestingarstjóri kynnti fjárfestingastefnu sjóðsins. Hann ræddi m.a. fjárfestingaumhverfi sjóðsins og ræddi ávöxtunar- og áhættumarkmið sjóðsins.

#### **5. Stjórnarkjóri lýst**

Fundarstjóri greindi frá skipan stjórnar. Stjórn sjóðsins er skipuð til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum.

##### **Aðalmenn:**

Bæjarstjóri Akureyrarbæjar(hefur ekki verið ráðinn),  
Gunnar Gíslason,  
Halla Björk Reynisdóttir,  
Arna Jakobína Björnsdóttir,  
Hanna Rósa Sveinsdóttir.

##### **Varamenn:**

Eva Hrund Einarsdóttir,  
Guðmundur Baldvin Guðmundsson,  
Árni Egilsson,  
Kristinn Bjarnason.

#### **6. Kosning löggilts endurskoðanda**

Fundarstjóri lagði fram tillögu stjórnar um að ytri endurskoðandi sjóðsins verði sá sami og endurskoðandi Akureyrarbæjar, þ.e. endurskoðunarfyrtækið ENOR. Tillagan var samþykkt samhljóða

#### **7. Ákvörðun um laun stjórnarmanna**

Fundarstjóri bar upp tillögu um að stjórnarlaun hækkuðu til samræmis við hækkun launavísitölu. Laun almennra stjórnarmanna verða þá 169 þúsund krónur á ári og tvöföld sú fjárhæð fyrir stjórnarformann. Varamenn fá krónur 33.800 fyrir setinn fund. Þá var lagt til að nefndarlaun í endurskoðunarnefnd yrðu krónur 33.800 fyrir setinn fund. Var tillagan samþykkt samhljóða.

#### **8. Breytingar á samþykktum**

Engar breytingar á samþykktum.

#### **9. Önnur mál**

Að lokum þakkaði fundarstjóri starfsmönnum og stjórn fyrir gott samstarf síðustu ár og kveðst hann kveðja sjóðinn með söknuði. Aðrir stjórnarmenn og starfsmenn þakkar honum einnig fyrir samstarfið.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:15

Fundarstjóri

Fundarritari

Eiríkur Björn Björgvinsson

Einar Ingimundarson